

Helstu áherslur sem fram hafa komið á fundum með sveitarstjórum o.fl. á tímum Covid.

Í apríl tók SSNE þátt í tveimur fundum með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Byggðastofnun og öðrum landshlutasamtökum þar sem ráðherra/ráðuneytið kynnti viðspyrnuúrræði ríkisins og ræddi málin.

Strax eftir páska hóf SSNE vikulega fundi með sveitarstjórum á svæðinu. Fundirnir eru í formi fjarfunda og hafa verið mjög gagnlegir. Fyrsti fundur var haldinn föstudaginn 17. apríl og hafa fimm fundir verið haldnir.

Á fyrsta fundi var farið yfir stöðuna í hverju sveitarfélagi og málin rædd út frá þeim áskorunum sem sveitarfélögin standa frammi fyrir. Skópust miklar og góðar umræður um þær áskoranir sem við blasa og skiptust sveitarstjórar á upplýsingum um viðbrögð síns sveitarfélags og miðluðu gagnlegum upplýsingum þar um.

Í framhaldi af fundinum 17. apríl tók SSNE saman greinargerð um stöðuna á Norðurlandi eystra vegna Covid – 19 og hefur uppfært það skjal eftir því sem málin hafa þróast áfram. Þar eru einnig teknir saman tenglar á upplýsingasiður um viðbrögð og úrræði einstakra sveitarfélaga, stofnana og ríkisins. Greinargerðin var send sveitarfélögum, sveitarstjórum og þingmönnum kjördæmisins til upplýsingar.

Á öðrum fundi með sveitarstjórum kom Arnheiður Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands og ræddi stöðu ferðaþjónustunnar, framtíðarhorfur og viðspyrnuverkefni á því sviði. Umræður um þetta stöðu þessarar mikilvægu atvinnugreinar voru góðar og mjög upplýsandi.

Á þriðja fundinum, 8. maí, fengum við Nýsköpunarmiðstöð á fund til okkar þar sem þau kynntu námskeið og námsleiðir sem þau hafa í boði.

Fjórdi fundurinn, sem haldinn var 15. maí, var heldur lengri en fyrri fundir en þá komu nokkrir þingmenn kjördæmisins inn á fund til okkar, hlustuðu á lýsingu sveitarstjóra á stöðunni í hverju sveitarfélagi og ræddu málin. Það var gott tækifæri fyrir sveitarstjórana til að upplýsa þingmenn kjördæmisins um stöðuna og fá samtal um hana og úrræði ríkisins. Áður höfðu þingmennirnir fundað tvisvar með framkvæmdastjóra SSNE, formanni og varaformanni stjórnar sem og framkvæmdastjóra Markaðsstofu Norðurlands en á þeim fundum var kallað eftir því að þingmennirnir funduðu með sveitarstjórum á svæðinu og var fundurinn 15. maí svar við þeirri ósk SSNE.

Við fengm svo innlegg frá Lánasjóði sveitarfélaga á fimmta fundinum sem haldinn var 29. maí. Í framhaldi af því voru opnar umræður.

Þessir fundir hafa reynst mjög gagnlegir og verið mikilvægur vettvangur til að deila upplýsingum og stofna til samtals um stöðuna á erfiðum tímum. Sveitarstjórar telja þetta mjög gagnlegan vettvang og SSNE hefur nýtt þessa fundi til að safna upplýsingum sem nýtast til að beina athyglinni að þeim þáttum sem brýnastir eru hverju sinni. Stefnt er að framhaldi þessara funda á næstunni enda eru viðfangsefnin óþrjótandi og þörfin fyrir þennan samskipta- og samstarfsvettvang mikil.

Til viðbótar við þessa vikulegu fundi leggur SSNE áherslu á að hitta aðila í atvinnulífinu eða heyra í þeim símleiðis með það að markmiði að koma á tengslum við þá. Fyrirhuguð eru frekari verkefni á þeim vettvangi sem snúa að því að leiðbeina aðilum um úrræði ríkisins og vera til stuðnings í þeim efnum.

Menningarfulltrúar landshlutasamtakanna hafa haldið nokkra fundi einir og sér en einnig tekið þátt í nokkrum stórum fundi á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Menningarfulltrúar/verkefnastjórar menningarmála halda vikulega fundi til að bera saman bækur sínar og stilla saman strengi.

Það sem hér er upptalið er ekki tæmandi en gefur glögga mynd af þeim áherslum sem SSNE setur í samskiptum við hagaðila og samstarfi við þá um þessar mundir.

Eyþór Björnsson

Framkvæmdastjóri.